

Sp.

94. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf sín og athugun á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins. Hefur nefndin alls haldið 34 fundi um málið, en auk frumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi, sem til hennar hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Fjárlagafrumvarp það, sem hér um ræðir, er hið fyrsta, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjármálaráðuneytisins fyrr á þessu ári.

Enda þótt frumvarpið sé í öllum meginatriðum óbreytt frá því, sem verið hefur, að því er alla uppbyggingu snertir, og þær breytingar, sem stofnunin telur æskilegar við undirbúning og samningu fjárlaganna, bíði næsta árs og komi þá til framkvæmda, í samræmi við nýsett lög um ríkisreikning og fjárlög, þá er það álit meiri hluta nefndarinnar, að fjárveitingar til ríkisstofnana séu að þessu sinni í meira samræmi við raunverulegar þarfir stofnananna en áður hefur tíðkazt. Þetta álit meiri hluta nefndarinnar er byggt á þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér og fram hafa komið í viðræðum nefndarinnar við forsvarsmenn hinna ýmsu ríkisstofnana.

Að þessu sinni hefur hagsýslustjóri ríkisins, Jón Sigurðsson, starfað með nefndinni og veitt henni margvíslegar upplýsingar. Hefur það auðveldað störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins. — Þá hafa nefndarmenn nú sem fyrr skipt með sér verkum og unnið að athugun einstakra málaflokka milli funda. Hefur það einnig flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 92 vilja fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni taka það fram, að fyrrnefndar breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóti ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins. Þeir munu því skila séráliti.

Varðandi tekjubálk frumvarpsins leggur meiri hluti nefndarinnar til, að gerðar verði breytingar, svo sem fram kemur á þingskjali 93. Eru breytingartillögur meiri hlutans byggðar á nýjum upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá Efnahagsstofnuninni. Hefur komið í ljós við nýja endurskoðun á tekjum ríkissjóðs á árinu 1966, varðandi suma tekjuliði frumvarpsins, að gera má ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1967 verði svo sem fram kemur á fyrrnefndu þingskjali.

Með hliðsjón af því ástandi, sem skapazt hefur vegna stórlækkaðs afurðaverðs á mörgum þýðingarmestu útflutningsvörum þjóðarinnar, beitti ríkisstjórnin sér fyrir því á síðastliðnu hausti að greiða niður hækkun á búvöruverði, sem ella hefði komið til framkvæmda í septembermánuði s. l. Síðan hafa komið til framkvæmda, hækkaðar fjölskyldubætur og frekari niðurgreiðslur. Allar þessar ráðstafanir eru til þess ætl- aðar, að koma í veg fyrir verðhækkanir innanlands og skapa grundvöll fyrir almenntri verðstöðvun.

Af þessu leiðir, að gera verður breytingar á 17. og 19. gr. frumvarpsins, varðandi þá gjaldaliði, sem þessar ráðstafanir snerta. Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um verðstöðvun. Að öðru leyti eru sumir þættir þessara mála enn í athugun hjá ríkisstjórninni. Nefndin hefur því ákveðið að fresta afgreiðslu þeirra til 3. umræðu.

Önnur mál, sem nefndin hefur ekki lokið athugun sinni á og frestar afgreiðslu til 3. umr., eru m. a. tillögur um skiptingu á fé til nýrra skólabygginga og skóla-

stjóraibúða, enn fremur breytingartillögur við 18. gr. og nokkur erindi, sem nefndin mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna.

Samvinnunefnd samgöngumála mun skila tillögum sínum um styrki til flóabáta og vöruflutninga á sérstöku þingskjali.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 2. gr.

Allar áætlanir um tekju- og eignarskatt eru mikilli óvissu háðar. Miðað er við, að tekjuhækkunin milli 1965 og 1966 nemi 18%, svo og að skattvísitalan verði ákveðin 18% hærri en 1966. Þess skal getið, að hér er átt við allar tekjur af tekju- og eignarskatti, að frádreginni þeirri upphæð, sem færð er til gjalda á 17. gr. Síðan fjárlagafrumvarpið var samið, liggja fyrir nýjar tölur um álagða skatta á öllu landinu. Álagðir skattar 1966 reyndust nokkru hærri en reiknað var með, og hækkar því áætlunin fyrir 1967 að sama skapi. Samkvæmt þessu hækka tekjur af tekju- og eignarskatti um 7 millj. kr.

Samkvæmt endurskoðun Efnahagsstofnunarinnar hækkar söluskattur um 47.5 millj. kr., og þar af leiðandi hækkar framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3.8 millj. kr. Söluskattur, sem kemur til tekna á 2. gr., verður því nettó 1 221 900 000 kr. — Einnig hækkar gjald af bifreiðum og bifhjólum um 4.5 millj. kr. Hins vegar lækka aukatekjur um 5 millj. kr. í samræmi við nýja áætlun.

Um 3. gr.

Samkvæmt nýjum áætlunum hækka tekjuliðir hjá pósti og síma um 32 millj. kr., en á móti þessu hækkar liðurinn „Áætluð afskrift“ um sömu upphæð, sbr. tillögur nefndarinnar á þingskjali 92.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar verður 557 600 000 kr. vegna nýrrar áætlunar. Þar af leiðandi hækkar sala að frádregnum söluskatti og afslætti um 8 920 000 kr. og niðurstöðutölur breytast samsvarandi.

Um 10. gr.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Til alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar 600 þús. kr.

Um 11. gr.

Til byggingar fangahúsa hækkar um 200 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn „Til fangahjálpar samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra“ hækki um 40 þús. kr., og jafnframt, að félagssamtökin „Vernd“ hljóti 250 þús. kr. af heildarupphæðinni. — Til Templarahallar, byggingarstyrkur, hækkar um 600 þús. kr.

Um 12. gr.

Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 2 849 þús. kr. Er þá haldið sama greiðslufyrirkomulagi og síðastliðið ár, þ. e. a. s. að greiða ríkisframlagið til sjúkrahúsa á 8 árum og til sjúkraskýla og læknisbústaða á 5 árum.

Lagt er til, að liðurinn „Til námskeiða fyrir embættislækna“ hækki um 30 þús. kr. og liðurinn „Til námskeiða fyrir aðstoðarfólk í hjúkrun“ um 25 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Lagt er til, að teknir verði upp tveir nýir liðir: Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði vegna lækniþjónustu 30 þús. kr. og til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbíla 20 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Til hafnarmannvirkja og lendingarþóta hækkar um 6 350 000 kr. Hins vegar lækkar liðurinn „Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda“ um 4 900 000 kr. — Ferjubryggjur hækka um 150 þús. kr.

Um 13. gr. D.

IV. liður 8: „Aðrir flugvellir“, hækkar samkvæmt tillögum nefndarinnar um 100 þús. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að F-liðurinn: „Jarðeðlisfræðideild, aukavinna“, hækki um 75 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Til landmælinga hækkar liðurinn „Annar kostnaður“ um 144 þús. kr., er það vegna hækkunar á húsaleigu. — Rekstrarstyrkur sjómannaskóla í Vestmannaeyjum hækkar og um 175 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Annar kostnaður hjá Handritastofnuninni hækkar um 30 þús. kr. — Hjá fræðslumálastjóraembættinu hækkar ferðakostnaður um 25 þús. kr. Enn fremur bætast við tveir nýir liðir: Til kennaranámskeiða 250 þús. kr. og til skólaminjasafns 25 þús. kr. Á 14. gr. A. XV. 27 og XVI. 49 eru fjárveitingar til kennaranámskeiða, samtals að upphæð 225 þús. kr. Lagt er til, að báðir þessir liðir verði felldir niður, og er því raunverulega um 25 þús. kr. hækkun að ræða til kennaranámskeiða. — Menntaskólinn á Akureyri, þar er lagt til, að hækkaðir verði nokkrir liðir, og nemur hækkunin samtals 555 þús. kr. — Kennaraskólinn, þar hækkar stundakennsla um 220 þús. kr. — Í sambandi við Íþróttakennaraskóla ríkisins er lagt til, að ræsting, ljós og hiti hækki um 30 þús. kr. og annar kostnaður hækki um 30 þús. kr. — Til blindratarfsemi hækkar um 170 þús. kr., og er nú styrknum skipt til jafns milli Blindravinafélags Íslands og Blindrafélags Reykjavíkur. — Lagt er til, að teknir verði upp nýir liðir sem hér segir: Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni við Skota 50 þús. kr., til Skáksambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuskákmótinu á Kúbu 75 þús. kr. og til Taflfélags Reykjavíkur til húsakaupa 40 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Hjá Þjóðminjasafninu hækka tveir liðir: Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. um 50 þús. kr., er það vegna launahækkunar gæzlukvenna, og til örnefnasöfnunar 60 þús. kr. — Annar kostnaður hjá Listasafni Íslands hækkar um 35 þús. kr. — Náttúrugripasöfnin í Vestmannaeyjum og á Akureyri hækka um 25 þús. kr. hvort. Einnig er lagt til, að náttúrugripasafnið í Neskaupstað verði tekið inn með 50 þús. kr. fjárveitingu. — Til Hins íslenska náttúrufræðifélags hækkar um 15 þús. kr. — Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa hækkar um 30 þús. kr. — Til Norræna félagsins hækkar um 50 þús. kr. — Framlag til tónlistarskóla er hækkað um 250 þús. kr., og Barnamúsíkskólinn er hækkaður um 45 þús. kr. — Í sambandi við Þjóðleikhúsið er tekinn inn nýr liður: Til brunavarna 275 þús. kr. — Fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur er hækkuð um 200 þús. kr. — Styrkir til minningarlunda og skróðgarða hækka um 50 þús. kr. — Lagt er til, að eftirfarandi liðir verði teknir inn: Til norræna sumarháskólans á Íslandi sumarið 1968 (fyrrí greiðsla) 125 þús. kr. Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á þörungagróðri 50 þús. kr. Til Iceland Review 80 þús. kr. Til minnisvarða um Svein Pálsson lækni 25 þús. kr. Til sýningar íslenzkrar alþýðulistar í Hamborg 35 þús. kr. Til myndlistarskóla í Neskaupstað 20 þús. kr.

Um 15 gr.

Skrifstofukostnaður við biskupsembættið hækkar um 50 þús. kr., svo og ferðakostnaður um 25 þús. kr. Einnig hækkar húsaleigustyrkur presta um 140 þús. kr. Og fjárveiting til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Framlag til Búnaðarfélags Íslands er hækkað um 400 þús. kr., og er það vegna hækkunar á húsaleigu o. fl. — Til fyrirhleðslna gegn $\frac{1}{8}$ kostnaðar annars staðar

að hækkar um 30 þús. kr. — Skrifstofukostnaður hjá landgræðslu hækkar um 25 þús. kr. — Hjá skógræktinni hækka tveir liðir: Til skjólbelta um 100 þús. kr. og til skógræktarféлага um 100 þús. kr. — Styrkir til fiskræktar hækka um 350 þús. kr. — Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar hækkar um 25 þús. kr. — Fjárveiting til Landssambands íslenskra hestamannafélaga er og hækkuð um 25 þús. kr. — Lagt er til, að teknir verði inn tveir nýir liðir: Til Félags áhugamanna um fiskrækt 25 þús. kr. og til landþurrkunar í Út-Hjaltastaðabínghá 50 þús. kr. — Í sambandi við bændaskólann á Hvanneyri eru hækkaðir tveir liðir: Hiti, ljós og ræsting um 35 þús. kr. og til undirbúnings framhaldsnáms um 30 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Framlag til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er hækkað um 35 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Annar kostnaður hjá rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er hækkaður um 200 þús. kr., og er þar um leiðréttingu að ræða.

Í sambandi við rannsóknastofnun landbúnaðarins er tekinn inn nýr liður: Til kalrannsóknna 75 þús. kr. Einnig er annar kostnaður við fjárræktarbúið á Hesti hækkaður um 100 þús. kr. Þá hækkar og rekstrarkostnaður jarðræktartilrauna um 100 þús. kr., og annar kostnaður við tilraunastöðina á Korpúlfsstöðum hækkar um 50 þús. kr.

Um 17. gr.

Framlag til Iðnnemasambands Íslands er hækkað um 50 þús. kr. — Einnig hækka framlög til Geðverndarfélags Íslands um 50 þús. kr. og til Bandalags íslenskra farfugla um 25 þús. kr. — Til starfskvennaskóla hækkar um 40 þús. kr. — Lagt er til, að teknir verði inn eftirfarandi liðir: Til æskulýðsnefndar Eyjafjarðar 25 þús. kr. Til Svifflugfélags Íslands 100 þús. kr. Til sjúkraflugs á Vestfjörðum 125 þús. kr. Til byggingar elliheimilis á Ísafirði, vegna 100 ára afmælis Ísafjarðar-kaupstaðar, 1 millj. kr.

Um 20. gr.

Framlag til sjúkraflugvalla hækkar um 200 þús. kr. — Einnig hækkar framlag til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri um 200 þús. kr. og niður fellur orðið „lokagreiðsla“. — Inn eru teknir tveir nýir liðir: Til byggingar starfsmannahúss og greiðslu kostnaðar við malbikun við Kristneshæli 1 millj. kr. og til jarðeigna-sjóðs ríkisins 6 millj. kr.

Um 22. gr.

Í sambandi við XXIV. liðinn er orðalagsbreyting. Fyrir „m/s Esju“ kemur: m/s Heklu og m/s Herðubreiðar. — Teknir eru inn þrír nýir liðir: Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kaптúnnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. — Að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins. — Að greiða hluta Íslands í kostnaði við flutninga aðalstöðva NATO frá Frakklandi.

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Jón Árnason, Birgir Finnsson, Jónas Pétursson.
form., frsm. fundaskr.

Matthías Bjarnason. Óskar E. Levý.